

Árni Davíðsson

From: Árni Davíðsson
Sent: miðvikudagur, 9. desember 2020 16:14
To: Kristinn Pálsson
Subject: RE: Endurskoðun aðalskipulags Mosfellsbæjar - Ósk um umsögn

Sæll Kristinn

Afsakaðu sein svör.

Heilbrigðiseftirlitið skoðaði þessa lýsingu að endurskoðun aðalskipulags og gerir ekki athugasemdir við hana.

kveðja

Árni Davíðsson framkvæmdastjóri
Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis
Þverholti 2
270 Mosfellsbær

sími 525 6797

www.eftirlit.is

Starfssvæði: Mosfellsbær, Seltjarnarnesbær, Kjósarhreppur.

From: Kristinn Pálsson [mailto:kristinnp@mos.is]
Sent: föstudagur, 18. september 2020 14:28
To: Skipulagsstofnun <skipulag@skipulag.is>; postur@minjastofnun.is; ust@ust.is; Eftirlit <eftirlit@eftirlit.is>; vegagerdin@vegagerdin.is; ni@ni.is; Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu <ssh@ssh.is>; samgongustofa@samgongustofa.is; guðmundurs@biskup.is; skrifstofa@vedur.is; landsnet@landsnet.is; skogmos@internet.is; skipulag@reykjavik.is; Skipulag@kopavogur.is; skipulag@olfus.is; blaskogabyggd@blaskogabyggd.is; gogg@gogg.is
Cc: Anna Margrét Tómasdóttir <annamargret@mos.is>; Björn Guðbrandsson <bjorn@ark.is>; Jón Kjartan Ágústsson <jon@ssh.is>
Subject: Endurskoðun aðalskipulags Mosfellsbæjar - Ósk um umsögn

Skipulagslýsing endurskoðunar aðalskipulags Mosfellsbæjar

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að kynna skipulagslýsingu fyrir nýtt aðalskipulag sveitarfélagsins. Um er að ræða endurskoðun á gildandi aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 sem tók gildi 03.10.2013.

Lýsingin verður kynnt fyrir hagsmunaaðilum og íbúum sveitarfélagsins. Öllum verður gefið tækifæri til þess að skila inn umsögn eða athugasemd við lýsinguna. Lýsingin kynnir helstu viðfangsefni, forsendur og meginmarkmið væntanlegs aðalskipulags ásamt því að veita upplýsingar um samráðsferil, umsagnaraðila og tímasetningar helstu verkáfanga.

Skipulagslýsingin verður aðgengileg almenningi á heimasíðu sveitarfélagsins, www.mos.is/adalskipulag, en einnig á upplýsingatorgi við bókasafnið að Þverholti 2.

Athugasemdum má skila skriflega á bæjarskrifstofu, Þverholti 2, 270 Mosfellsbær, stílað á skipulagsnefnd Mosfellsbæjar eða rafrænt á netfangið skipulag@mos.is.

Frestur til þess að skila inn ábendingum og umsögnum er frá **19. september** til og með **23. október 2020**.

Lýsing þessi verður bara send rafrænt nema óskað verði sérstaklega eftir öðru. Þeir sem ekki senda umsögn teljast ekki gera athugasemdir við erindið.

Óskað verður umsagna eftirtalinna aðila:

- Skipulagsstofnunar
- Minjastofnunar Íslands
- Umhverfisstofnunar
- Náttúrufræðistofnunar Íslands
- Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis
- Vegagerðarinnar
- Samgöngustofu
- Kirkjugarðaráðs
- Aðliggjandi sveitarfélaga (Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Sveitarfélagið Ölfuss, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur)
- Veðurstofu Íslands
- Veitna
- Landsnets
- Skógræktarfélags Mosfellsbæjar
- Svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins (SSH)

Með kveðju,

Kristinn Pálsson

Skipulagsfulltrúi

Bæjarskrifstofur Mosfellsbæjar

Sími: 525 6700

www.mos.is

Gildi Mosfellsbæjar:

Virðing - Jákvæðni - Framsækni - Umhyggja

[Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum](#)